



Fundargerð

Fundargerð

Málsnúmer: 2007030059

9. janúar 2009

Bréfalykill: 10.20 Umhverfismál

Norðfjarðargöng, frummatsskýrsla, opið hús miðvikudaginn 7. janúar 2009 í Egilsbúð, Neskaupstað kl. 17-19

Texti:

Vegagerðin og Fjarðabyggð stóðu fyrir kynningu á mati á umhverfisáhrifum Norðfjarðarganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar með opnu húsi í Egilsbúð í Neskaupstað. Á fundinum skrifuðu 102 gestir nöfn sín í gestabók en talið var að 10-15 manns hefðu verið til viðbótar, auk starfsmanna Vegagerðarinnar.

Guðmundur Heiðreksson, deildarstjóri áætlana og hönnunarkaupna hjá Norðaustursvæði Vegagerðarinnar bauð gesti velkomna. Hann greindi frá að Vegagerðin væri að vinna við undirbúning Norðfjarðarganga og að nú væri frummatsskýrsla vegna Norðfjarðarganga tilbúin. Hann sagði að á fundinum yrðu engin framsöguerindi en benti á að á veggjunum héngu veggspjöld með upplýsingum um framkvæmdina og áhrif hennar á umhverfið. Einnig að á fundinum væru 4 starfsmenn Vegagerðarinnar, hönnuður vegarins og ganganna frá Mannviti, fulltrúar Fjarðabyggðar og 2 ráðgjafar frá Náttúrustofu Austurlands sem væru tilbúnir að svara spurningum eða taka við athugasemdum. Þegar frestur til athugasemda væri liðinn myndi Vegagerðin vinna endanlega matsskýrslu þar sem umsögnum og athugasemdum væri svarað. Þegar álit Skipulagsstofnunar um matsskýrsluna hefði borist myndi Vegagerðin sækja um framkvæmdaleyfi til Fjarðabyggðar og verkið svo boðið út að loknum kærufresti. Samningar við landeigendur hefjast þegar framkvæmdaleyfi hefur borist. Miðað hefði verið við útboð í lok árs 2009 ef áætlanir breytast ekki. Framkvæmdir myndu svo standa í 3-3,5 ár.

Nokkrir fundargestir vörpuðu þegar fram spurningum varðandi framkvæmdina sem Guðmundur svaraði.

Kom fram að Norðfirðingar hafa almennt áhyggjur af að framkvæmdinni verði frestað og vilja fá upplýsingar um hve löng frestunin verður. Guðmundur svaraði að starfsfólk Vegagerðarinnar viti ekkert meira en aðrir um málið. Hins vegar stefni samgönguráðherra að því að leggja fram vegáætlun fyrir árið 2009 fljótlega eftir að Alþingi kemur saman. Búast má við að það verði í lok janúar. Þá kemur í ljós hvort framkvæmdir hefjast á þessu ári.

- Kom fram að Austfirðingar eru búnir að biðja nógu lengi eftir þessari framkvæmd.
- Áætlanir um framkvæmdina voru ein af forsendum þess að sveitarfélagið Fjarðabyggð varð til.
- Framkvæmdin er nauðsynleg fyrir starfsemi Fjórðungssjúkrahúsins í Neskaupstað.
- Fólk á Austurlandi þarf líka vinnu, ekki bara fólk á suðvesturhorni landsins.
- Skorað á fundarmenn að senda samgönguráðherra tölvupóst og biðja um að framkvæmdum verði ekki frestað.
- Kvartað yfir að í frummatsskýrslunni væri ekki sýnt áframhaldið með jarðgöngum til Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar. Það virðist þó sem göngin séu staðsett þannig að það verði nokkuð auðvelt að leggja göng áfram. Gangamunni verði þó að vera utan vatnsverndarsvæðisins í Fannardal og því þurfi veg meðfram strönd Mjóafjarðar.
- Guðröður Hákonarson, landeigandi Fannardals gerði athugasemd við fyrirhugaða efnistöku úr

Fylgiskjal 21

áreyrum Norðfjarðarár. Hann sagði að efnistökusvæðið væri afmarkað of stórt á teikningu með frummatsskýrslu. Það væri hægt að taka allt að 2,5 m þykkt lag af góðu efni úr áreyrunum og því hægt að hafa svæðið minna. Guðmundur Heiðreksson sagði að ákveðið hefði verið að sýna mun stærra svæði fyrir mögulega efnistöku en þörf er á vegna vegagerðarinnar til að hafa tækifæri til að velja efnistökuastað, staðsetja hann og afmarka í samræmi við leiðarval. Efnistaka á svæðinu yrði skoðuð betur við gerð útboðsgagna. Haft yrði samráð við hagsmunaaðila við undirbúning efnistökkunnar.

- Fram kom að skoða þyrfti þann möguleika að leggja veginn í Norðfirði á áreyrunum sunnan Norðfjarðarár. Var bent á nýja veginn í Norðurárdal í Skagafirði sem dæmi um vel heppnaðan veg sem lægi eftir áreyrum.

Ritað 09.01.2009

HA



Fundargerð

Málsnúmer: 2007030059

9. janúar 2009

Bréfalykill: 10.20 Umhverfismál

Norðfjarðargöng, frummatsskýrsla, opið hús fimmtudaginn 8. janúar 2009 í Valhöll, Eskifirði kl. 17-19

Texti:

Vegagerðin og Fjarðabyggð stóðu fyrir kynningu á mati á umhverfisáhrifum Norðfjarðarganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar með opnu húsi í Valhöll á Eskifirði. Á fundinum skrifuðu 38 gestir nöfn sín í gestabók, auk starfsmanna Vegagerðarinnar.

Guðmundur Heiðreksson, deildarstjóri áætlaða og hönnunarkaupna hjá Norðaustursvæði Vegagerðarinnar bauð gesti velkomna. Hann greindi frá að Vegagerðin væri að vinna við undirbúning Norðfjarðarganga og að nú væri frummatsskýrsla vegna Norðfjarðarganga tilbúin. Hann sagði að á fundinum yrðu engin framsöguerindi en benti á að á veggjunum héngu veggspjöld með upplýsingum um framkvæmdina og áhrif hennar á umhverfið. Einnig að á fundinum væru 4 starfsmenn Vegagerðarinnar, hönnuður vegarins og ganganna frá Mannviti, fulltrúar Fjarðabyggðar og ráðgjafi frá Náttúrustofu Austurlands sem væru tilbúnir að svara spurningum eða taka við athugasemdum. Hann greindi frá að frestur til að senda athugasemdir til Skipulagsstofnunar væri til 22. janúar 2009. Vegagerðin myndi svo vinna endanlega matsskýrslu þar sem umsögnum og athugasemdum væri svarað. Þegar álit Skipulagsstofnunar um matsskýrsluna hefði borist myndi Vegagerðin sækja um framkvæmdaleyfi til Fjarðabyggðar og verkið svo boðið út að loknum kærufresti. Samningar við landeigendur hefjast þegar framkvæmdaleyfi hefur borist. Miðað hefði verið við útboð í lok árs 2009 ef áætlanir breytast ekki. Framkvæmdir myndu svo standa í 3-3,5 ár.

Guðmundur greindi frá að starfsfólk Vegagerðarinnar viti ekki hvort framkvæmdum verði frestað. Hins vegar stefni samgönguráðherra að því að leggja fram vegáætlun fyrir árið 2009 fljótlega eftir að Alþingi kemur saman. Búast má við að það verði í lok janúar. Þá kemur í ljós hvort framkvæmdir hefjast á þessu ári.

Einn fundargesta skoraði á fundarmenn að senda samgönguráðherra tölvupóst og biðja um að framkvæmdum verði ekki frestað.

Ýmsar athugasemdir komu fram á fundinum:

- Fulltrúi frá golfklúbbi Eskifirðinga (Jón Steingrímur Baldursson) gerði athugasemdir um legu vegarins yfir golfvöllinn og ætlar að senda þær skriflega. Hann sagðist telja að golffélagið ætti rétt á bótum. Guðmundur Heiðreksson sagði að málið yrði skoðað þegar samningar við landeigendur hæfust.
- Svæðisstjóri Eimskips og Flytjanda á Austurlandi (Karl Gunnarsson) sagði að göngin væru mjög mikilvæg fyrir þungaflutninga til og frá Norðfirði. Nú þarf að nota sérstaka bíla við gámaflutninga í gegnum göngin og í sumum tilfellum verða flutningar að fara sjóleiðina eða yfir gamla fjallveginn yfir Oddskarð.
- Kvartað var yfir að í frummatsskýrslunni væri ekki sýnt áframhaldið með jarðgöngum til Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar.
- Fara hefði átt með jarðgöngin ofan í jörðina við hlið sundlaugarinnar á Eskifirði, undir kirkjuna og

Fylgiskjal 21

Bleiksána.

- Nokkrar ábendingar komu um örnefni. Borgir væru ekki rétt staðsettar í Eskifirði. Einnig væri þar örnefnið Borgarmýrar. Í Norðfirði vildu sumir meina að örnefnið Staðarháls væri ekki til, hálsinn nefndist Seldalsháls. Starfsmenn Vegagerðarinnar munu skoða örnefnin betur og lagfæra í samræmi við það sem kemur í ljós.
- Að Borgum er hesthús fyrir 12 hesta. Eigandi hesthúsanna hafði litlar athugasemdir við legu Norðfjarðarveggar og bjóst ekki við að vandræði yrðu fyrir hestamenn vegna framkvæmda. Búið er að tilkynna hestamönnum sem eru með aðstöðu á Eskifjarðarbænum að þeir verði að flytja sig á Símonartún, nýtt svæði utan við bæinn fyrir næsta vetur 2009-2010. Við hönnun tengingar að golfvelli og inn Eskifjörð að sunnanverðu þarf að hafa samráð við eigendur hesthúsanna að Borgum, þannig að umhverfi þeirra verði raskað sem minnst. Kom fram að beitarlönd hestamanna í Eskifirði hafa verið skert mikið á undanförunum árum, bæði vegna skógræktar í áður skilgreindum beitarhólfum og vegna stækkunar golfvallarins, sem hófst sumarið 2007 án samráðs við hestamenn og án undangenginna skipulagsbreytinga.

Ritað 09.01.2009

HA